

Alþingi  
Erindi nr. Þ 131/1581  
komudagur 25.4.2005



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE  
Stofnað 1917

SAMTÖK  
VIÐSKIPTALÍFSINS

Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
b/t Stefáns Árna Auðólfssonar, nefndarritara  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2005.


**Efni: Frv. til I. um br. á I. um aukatekjur ríkissjóðs (243. mál).**

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Verslunarráð fagnar frumvarpinu og telur eðlilegt að það nái fram að ganga. Skattheimta sem hér um ræðir (skráningargjöld o.þ.h.) verður sí umfangsmeiri og hækkun á einstökum liðum verður með þeim hætti að almenningur hefur lítið tækifæri til þess að veita skattlagningarvaldinu virkt aðhald. Ná hækkunir gjarnan svo ört fram að ganga að menn hafa vart undan að greina á milli raunveruleikans og þess sem áður var. Þannig tekur ofangreint frumvarp mið af gjaldtöku eins og hún var fyrir þá töliverðu hækkun sem Alþingi samþykkti fyrir á þessu þingi. Ofangreint frumvarp er því í raun þegar orðið sagnfræðileg heimild.

Allt að einu styður Verslunarráð efni frumvarpsins og hvetur til þess að það nái fram að ganga með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til þess að tilvísanir í 1. gr. fái staðist.

Virðingarfyllst,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

  
Sigriður A. Andersen.

Póstáritun:  
Verslunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 510 7100  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is  
Website: www.chamber.is